

Samningur um umsjón og rekstur náttúruvættisins Dimmuborga í Þingeyjarsveit

1. gr.

Samningsaðilar og markmið

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og Land og skógur kt. 671123-0850 gera með sér samning um umsjón og rekstur náttúruvættisins Dimmuborga í Þingeyjarsveit í samræmi við 85. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og 10. gr. auglýsingar um náttúruvættið Dimmuborgir í Skútustaðahreppi nr. 1262/2011. Samkvæmt samningi þessum skal umsjón og rekstur svæðisins vera í höndum Lands og skógar. Umsjón og rekstur skal vera í samræmi við auglýsingu um hið friðlýsta svæði og stjórnunar- og verndaráætlun.

2. gr.

Umsjón

Land og skógur sér um almenna umsjón, rekstur og viðhald náttúruvættisins. Með almenntri umsjón er átt við grisjun, hindrun sandfoks sbr. 6. gr. auglýsingar nr. 1262/2011 og fleira sem snýr að uppgræðslu og endurheimt gróðurs. Land og skógur sér einnig um uppbyggingu og viðhald innviða og sækir um fjármagn til Landsáætlunar vegna slíkra verkefna innan náttúruvættisins.

Hvað varðar vetrarþjónustu sér Land og skógur um að moka og sanda bílaplan eftir því sem við á og fjármagn hrekkur til en landvörður Umhverfisstofnunar sér um að moka og sanda göngustíga innan náttúruvættisins eftir því sem við á.

Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvæðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

3. gr.

Landvarsla

Umhverfisstofnun annast landvörslu og greiðir kostnað vegna hennar. Landvörður skal uppfylla ákvæði 80. gr. laga um náttúruvernd og reglugerðar um landverði nr. 190/2019. Hlutverk landvarða í náttúruvættinu er að gæta þess að ákvæði friðlýsingar og náttúruverndarlaga séu virt, að koma á framfæri upplýsingum og fræða gesti um náttúru og sögu svæðisins og önnur verkefni, sbr. 9. gr. reglugerðar um landverði nr. 190/2019.

4. gr.

Fræðsla

Umhverfisstofnun og Land og skógur hafa samstarf um útgáfu fræðsluefnis, svo sem bæklinga og skilta. Skiltagerð á svæðinu skal vera í samræmi við merkinga- og leiðakerfi Vegrúnar. Um skiptingu kostnaðar skal samið hverju sinni.

5. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð

Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, Lands og skógar og Þingeyjarsveitar, sbr. 12. gr. auglýsingar nr. 1262/2011. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun. Land og skógur og Umhverfisstofnun skulu hafa samráð og samstarf um forgangsröðun framkvæmda og viðhald innviða á hinu friðlýsta svæði.

6. gr.

Skipting kostnaðar

Um skiptingu kostnaðar sérstakra verkefna skal samið hverju sinni.

7. gr.

Fundir

Land og skógur og Umhverfisstofnun skulu funda að hausti ár hvert þar sem m.a. er farið yfir ástandsmat, uppgræðsluverkefni, viðhald og framkvæmdir á hinu friðlýsta svæði.

8. gr.

Eftirlit Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um náttúruvættið, sbr. auglýsingu um friðlýsingu í Stjórnartíðindum, 3. mgr. 85. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og stjórnunar- og verndaráætlun.

9. gr.

Gildistaka og endurskoðun

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfis- orku- og loftslagsráðherra og gildir til eins árs frá staðfestingu. Hvor samningsaðila um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum, hvenær sem er. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er sex mánuðir.

10. gr.

Meðferð ágreiningsmála

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan.

11. gr.

Undirskriftir

Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og staðfesta með undirritun sinni umboð sitt til undirritunar fyrir hönd aðila. Samningur þessi er rafrænt undirritaður af Ingu Dóru Hrólfsdóttur, sviðsstjóra sviðs náttúruverndar, fyrir hönd Umhverfisstofnunar og af Ágústi Sigurðssyni, forstöðumanni Lands og skógar. Samningurinn er staðfestur af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.